

Ríkisaðili	<i>Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum</i>
Ábyrgðaraðili	<i>Helga Kristín Kolbeins</i>
1	Hlutverk og framtíðarsýn
	Hlutverk Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum er að nemendur verði að loknu námi virkir og ábyrgir borgarar svo að þeir geti tekið virkan þátt í samfélaginu og að auki séu þeir vel undirbúnir fyrir háskólanám eða til þátttöku í atvinnulífinu. Að bjóða fjölbreytt og gott nám sem mætir kröfum nemenda og nærsamfélagsins á hverjum tíma Stefna skólans er að skólastarfið sé árangursríkt og fjölbreytt þar sem áhersla er lögð á fagþekkingu, sköpunarhæfni og metnaðarfullt þróunarstarf.
2	Kjarnastarfsemi
	Skólinn er áfangaskóli sem býður upp á verk- og bóknám. Bæði styttri brautir og brautir til starfsréttinda og stúdentsprófs. Haustið 2016 voru starfræktar 7 námsbrautir, þrjár verk- og starfsnámsbrautir, starfsbraut fyrir fatlaða, framhaldsskólabrú og stúdentsprófsbraut. Á stúdentsprófsbraut eru þrjár ólíkar námslínur auk þess sem nemendur geta stundað nám til stúdentsprófs að loknu starfsnámi. Skólinn er virkur þátttakandi í starfi og þróun Fjarmenntaskólans, starfrækir íþróttakademíur í samstarfi við ÍBV og GRV og er í samvinnu við Nýsköpunarmiðstöð um Fablab smiðju. Skólinn hefur sett sér þá stefnu að hafa frumkvæði að því að efla formlegt samstarf við hagsmunaaðila, þar með talið atvinnurekendur til að efla og þróa iðn- og tækninám með það að markmiði að fleiri nemendur hefji nám og ljúki á því sviði. Gert er ráð fyrir að 209 ársnemendur stundi nám við skólann 2016. 65% nemenda eru í námi til stúdentsprófs og þar af eru 45% nemenda innritaðir á þriggja ára stúdentsprófsbraut. Rúm 20% nemenda leggja stund á iðn- og starfsnám. Tæp 13% eru á almennri braut eða framhaldsskólabrú, 4% eru á starfsbraut með einstaklingsnámskrá. Kynjahlutfall nemenda skólans er KK 54% og KVK 46%.

Markmið 1			Tengist markmiði málaflokks			
Minnka brotthvarf nemenda úr námi um 10%.			Markmiði 1: Fleiri nemendur ljúki prófi úr framhaldsskóla á tilskyldum tíma.			
Aðgerðir		Upphaf	Lok	Kostnaður 2017	Kostnaður 2018	Kostnaður 2019
Skima fyrir brotthvarfi allra nýnema		2015		600.000	630.000	660.000
Endurskoða kennslu í byrjunaráföngum á fyrsta þrepi í kjarnagreinum		2017	2019	1.000.000	0	0
Búa til sameiginlegan grunn á 1.- og 2. þrepi í mál- og tækninámi sem er samþættur námi í vélstjórn og vélvirkjun		2017	2019	1.000.000	1.000.000	0
Mælikvarðar	Gögn lögð til grundvallar	Staða 2015	Staða 2016	Viðmið 2017	Viðmið 2018	Viðmið 2019
Hlutfall nýnema sem innritast á annað ár strax að loknu fyrsta ári	Hlutfall af skráningu nýnema að hausti upp úr grunnskóla og skráningu þeirra á annað ár	90,4%	87,15%	90%	92%	95%
Hlutfall nemenda sem stenst byrjunaráfanga á fyrsta þrepi í kjarnagreinum og geta hafið nám á öðru þrepi	Nemendaskráning og niðurstöður prófa	54,7%	Vor 69,2%	70%	75%	80%
Fjöldi nemenda sem stunda nám í iðn- og tækninámi	Nemendaskráning	12,9%	10,2%	15%	17%	18%
Markmið 2		Tengist markmiði málaflokks				
Efla gæði bók- og starfsnáms		Markmiði 2: Nemendur í öllum landshlutum hafi aðgengi að fjölbreyttu bók- og starfsnámi sem uppfylli kröfur næsta skólastigs og/eða atvinnulífs.				
Aðgerðir		Upphaf	Lok	Kostnaður 2017	Kostnaður 2018	Kostnaður 2019
Endurnýja tækjabúnað í verknámi		2015	2019	8.000.000	8.000.000	8.000.000

	Mælikvarðar	Gögn lögð til grundvallar	Staða 2015	Staða 2016	Viðmið 2017	Viðmið 2018	Viðmið 2019
	Aðstaða til verknáms uppfylli kröfur atvinnulífs	Innra mat; könnun á meðal hagsmunaaðila. „Hvernig uppfyllir aðstaða til verknáms kröfur atvinnulífs?“	Staðan metin og kostnaður reiknaður	Mælikvarði skilgreindur	Viðmiðin ákveðin og staðan reiknuð	Fer eftir stöðu 2017	Fer eftir stöðu 2018
	Viðhorf nemenda á verknámsbrautum til aðstöðu í verknámi	Innra mat; könnun á meðal nemenda. „Hvernig finnst þér aðstaða til verknáms?“			Mælikvarði skilgreindur og staðan reiknuð	Fer eftir stöðu 2017	Fer eftir stöðu 2017
	Markmið 3		Tengist markmiði málaflokks				
	Allar kenndar brautir séu staðfestar skv. aðalnámskrá 2011.		Markmiði 3: Auka framboð á staðfestu, heildstæðu og markvissu starfsnámi.				
	Aðgerðir		Upphaf	Lok	Kostnaður 2017	Kostnaður 2018	Kostnaður 2019
	Setja námsbrauta- og áfangalýsingar í námsskrárgrunn og sækja um staðfestingu		2015	2017	500.000	-	-
	Mælikvarðar	Gögn lögð til grundvallar	Staða 2015	Staða 2016	Viðmið 2017	Viðmið 2018	Viðmið 2019
	Fjöldi brauta sem kenndar eru og hafa verið staðfestar.	Skólanámskrá	2	3	5		
3	Rekstrarþættir						
	Við skólann starfa 23 kennarar í 22 stöðugildum. Þar af eru 11 konur í 9,8 stöðugildum og 12 karlar í 10,2 stöðugildum. 47% kennara eru 55 ára og eldri. Að auki starfa við skólann skólameistari og aðstoðarskólameistari báðir í fullu starfi, fjármálastjóri í 75% starfshlutfalli, umsjónarmaður fasteigna í 100% starfshlutfalli, starfsmaður á skrifstofu í 50% starfshlutfalli, forstöðumaður bókasafns í 55% starfshlutfalli, stuðningsfulltrúi á starfsbraut í 60% starfshlutfalli og þrír ræstítæknaðar hver um sig er í 47% starfshlutfalli. Skólinn hefur sett sér stefnu í samræmi við ákvæði laga um framhaldsskóla og eru hún í stöðugri endurskoðun. Skólinn mun á næstu árum leggja meiri áherslu á verkefnið „Heilsueflandi framhaldsskóli.“						

Innra mat skólans byggir á stefnumiðuðu árangursmati „ balanced scorecard“. Ytri úttekt var gerð á skólanum 2015 og er hún birt á vef skólans. Skólinn hefur í kjölfar úttektar gert umbótaáætlun og er hún birt á vef skólans.							
Markmið 1		Faglegir starfshættir og stöðugar umbætur					
Aðgerðir		Upphaf	Lok	Kostnaður 2017	Kostnaður 2018	Kostnaður 2019	
Innleiða regluleg starfsmannasamtöl		2019	2020				
Efla fagvitund kennara með innleiðingu á mati á gæðum kennslunnar, SAS, þar sem kennarar setja sér sameiginleg markmið sem miða að því að bæta kennsluna, setja fram aðgerðir og meta vikulega hvernig gengur ásamt því að rýna tímáætlanir hjá hvor öðrum, heimsóknir í kennslustundir og jafningjamat og einblínt um leið á styrkleikanna		2016	2019	1.500.000	1.300.000	1.300.000	
Mælikvarðar		Gögn lögð til grundvallar	Staða 2015	Staða 2016	Viðmið 2017	Viðmið 2018	Viðmið 2019
Hæfni starfsmanna		Jafningjamat, starfsmannasamtöl.					
Hlutfall markmiða sem kennarar setja sér og þeir ná innan tiltekins tíma.		Markmiðin sem kennarar hafa sett sér eru talin og metið hversu mörgum hefur verið náð innan tiltekins tíma.			Mælikvarði skilgreindur og staðan reiknuð	Fer eftir stöðu 2017	Fer eftir stöðu 2017
Markmið 2		Góð nýting fjármuna					
			Lok	Kostnaður 2017	Kostnaður 2018	Kostnaður 2019	
Innleiða jafnlaunastaðal		2018	2021				
Mælikvarðar		Gögn lögð til grundvallar	Staða 2015	Staða 2016	Viðmið 2017	Viðmið 2018	Viðmið 2019
Jafnlaunavottun		Hlutfall launa kvenna miðað við laun karla að teknu tilliti til frávika.	85%				
Markmið 3		Efling mannauðs					
Aðgerðir		Upphaf	Lok	Kostnaður 2017	Kostnaður 2018	Kostnaður 2019	

	Innleiða virka verkefnastjórn		2016	2018	500.000		
	Mælikvarðar	Gögn lögð til grundvallar	Staða 2015	Staða 2016	Viðmið 2017	Viðmið 2018	Viðmið 2018
	Fjöldi verkefnisstjóra	Vinnuskýrslur verkefnastjóra	2	3	5	Fer eftir endurmati 2017	Fer eftir stöðu 2018